

Nd.

581. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá samvinnunefnd launamála.

Fræðslulögin frá 1907 eru að mestu óbreytt enn þá. Hafa menn þó við reynslu þá, sem á þeim er orðin, fundið til þess, að á þeim þurfi að gera ýmsar breytingar, og sumir álituð, að þörf væri á að breyta þeim í verulegum atriðum. Þar sem það er viðurkent, að ekki sje rjett að breyta slíkum lögum fyrir en eftir næga reynslu og gaumgæfilega athugun, þá mun það vera orsök þess, að fræðslumálastjórnin hefir enn ekki lagt til að breyta þeim, nema hvað skipun og launakjör kennaranna snerti. En bæði fræðslumálastjóri og launanevnd líta svo á, að nú sje kominn tími til endurskoðunar á fræðslulögum. Vill nefndin að stjórnin sjái um, að sú endurskoðun verði gerð á næstu árum. Sjerstaklega vakir fyrir nefndinni:

- a. að efla þurfi kennaraskólann, svo að mentun kennara verði meiri en hún er nú alment.
- b. að kennurum verði fækkað, án þess þó að kensla verði minni en nú er.
- c. að fræðslufyrirkomulaginu verði komið í fast frambúðarhorf.

Þetta frumvarp snertir að eins skipun barnakennara og laun þeirra, en hefir engin áhrif að öðru leyti, hvað fræðslufyrirkomulagið snertir. Það þarf ekki að neinu leyti að koma í bág við breytingar, er síðar kunna að verða gerðar á fræðslulögum.

Með fræðslulögum frá 1907 voru lágmarkslaun kennara ákveðin mjög lág, enda varð reyndin sú, að fáir nýtir menn gátu sætt sig við þau laun til lengdar, og hurfu frá starfinu. Skóla- og fræðslunefndir hafa sjeð, að ekki hefir mátt lenda við svo búið, og hafa víða eða víðast goldið kennurum mun hærri laun en ákveðin eru í fræðslulögum. En samt hefir sú hækkun ekki verið nægileg til þess, að barnakennarar hafi sjeð sjer fært að gera þetta starf að æfistarfi, og hafa flestir horfið frá því, eftir fárra ára kenslu, og aðrir nýir fyllt skörðin. Þetta hefir haft afarslæm áhrif á barnafræðsluna í landinu.

Stjórnin lagði þetta sama frumvarp, sem hjer ræðir um, fyrir þingið 1918. Fór það þá til mentamálanefndar. Stakk nefndin frv. undir stól af þeim ástæðum, að öll fræðslulögin væru ekki endurskoðuð, en lagði fram frumvarp um smávegis breytingar á lágmarkslaunakjörum kennara. Varð það frv. að lögum. En þær launabreytingar komu mörgum kennurum að engum notum, því að áður var búið að hækka laun þeirra sem því nam og meira.

Þar sem nú eru tekin fyrir laun allra opinberra starfsmanna, og þau hækkuð að miklum mun, þá er nefndin stjórninni sammála um það, að sjálf-sagt sje að bæta laun barnakennara, svo að nýtir menn fái til þess starfs og geri það að æfistarfi sínu.

Nokkrar breytingartillögur leyfir nefndin sjer að gera við frumv. stjórn-arinnar, er aðallega snerta skipun kennaranna. Viðvíkjandi breytingartillögunum viljum vjer taka fram:

Nefndin álitur ekki rjett nje sanngjarnt, að kennarar, sem búdir eru að gegna stöðu sinni mörg ár og hafa reynst góðir kennarar, þurfi að láta af starfi sínu, þótt þeir hafi ekki kennarapróf, en hins vegar telur hún rjett, að hjer eftir geti engir fengið stöðu við barnaskóla, sem ekki hafa áður verið kennarar við skóla, nema þeir hafi kennarapróf.

Nefndin litur svo á, að þar sem stjórnin á að veita allar kennarastöður, þá sje rjett að hún auglýsi þær og kennarar sendi umsóknir sínar beint til henn-ar. Það sparar fræðslu- og skólanefndum ómak, frá því sem ákveðið er með stjórnarfrumvarpinu. Stjórnin mun taka tillit til meðmæla skólanefnda, en fara samt mest eftir tillögum fræðslumálastjóra, hvað veitingarnar snertir. Enginn getur vitað eins vel og hann, hvernig kennarar reynast. Hann mun einnig kynna sjer, hvernig þau kennaraefni eru, er útskrifast frá kennaraskólanum. Á þessu verður enginn munur, hvort sem brtt. nefndarinnar verða samþykta eða stjórn-arfrumvarpið óbreytt.

Þar sem stjórnin veitir kennarastöðurnar, þá virðist sjálf-sagt, að hún ein geti vikið kennurum úr stöðum þeirra, en ekki skóla- eða fræðslunefndir.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykta, hvað launakjör kennara snertir, með þeirri einu breytingu, að ekki sje skylt að sjá farkennurum fyrir ókeyppis húsnæði fyrir þann tíma, sem þeir eru ekki við kenslu. Þeir eru flestir lausir og slyppir og leita sjer atvinnu á sumrin, og munu sjaldnast þurfa að borga húsnæði fyrir þann tíma.

Rjett telur nefndin að kennarar, sem aðrir starfsmenn landsins, fái launa-uppbót sína að öllu úr rikissjóði, enda er það samkvæmt venju þeirri, sem orðið hefir þessi ár, sem dýrtíðaruppbót hefir verið veitt.

Þar sem nefndin býst við að fræðslulögunum verði breytt innan skamms, og þá geti svo farið, að kennurum verði fækkað, þá telur hún rjett að setja þann varnagla, að þeir kennarar, sem af þeirri ástæðu verða að láta af starfi sínu, geti ekki krafist skaðabóta.

Þar sem svo stuttur tími verður frá því, að frumvarp þetta getur orðið að lögum og þar til kensla byrjar í haust, þá álitur nefndin ekki fært að láta lögin koma til framkvæmda, hvað skipun kennara snertir, 1. okt. í haust, eins og ákveðið er í frv. stjórnarinnar. Umsóknarfrestir geta ekki orðið nógu langir, og skóla- og fræðslunefndir verða búnar að ráða kennara til næsta skólaárs. Leggur nefndin því til, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en 1. júní næsta vor, nema hvað launin snertir. Telur hún sjálf-sagt að launakjörin verði bætt að fullu samkv. frv. næsta skólaár, því að þær bætur þoli ekki bið, frekar en launa-bætur allra annara starfsmanna, og ber nefndin því fram bráðabirgðatillögu þess efnis.

Hvað laun kennara snertir, þá hefir nefndin öll orðið sammála, en um skipun kennara eru nefndarmenn ekki allir á sama máli.

Alþingi, 28. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Þórarinn Jónsson,
skrifari samv.n. og Nd.-nefndar.

Kristinn Danielsson,
skrifari Ed.-nefndar.

Þorsteinn Jónsson,
ritari og framsögum. Nd.-nefndar.

Sveinn Ólafsson. H. Steinsson, Eggert Pálsson,
Með fyrirvara. form. Ed.-nefndar. framsögum. Ed.-nefndar.

Guðm. Ólafsson. Jón Jónsson. Hjörtur Snorrason.

Matth. Ólafsson. Hákon J. Kristófersson.